

5. norræna umhverfismatsráðstefnan

Norræn ráðstefna um umhverfismat verður haldin í Reykjavík dagana 25. – 26. ágúst n.k. á Grand hotel Reykjavík, Sigtúni 8. Ráðstefnan er haldin af Skipulagsstofnun og Nordregio í samvinnu við umhverfisráðuneytið og Háskóla Íslands.

Yfirskrift ráðstefnunnar er "**Planning for sustainable development - the practice and potential of Environmental Assessment**". Tilgangur ráðstefnunnar er að skýra og skilgreina hlutverk umhverfismats við stefnumörkun og áætlanagerð í ljósi opinberra markmiða um sjálfbæra þróun. Fjallað verður um reynslu af umhverfismati áætlana (Strategic Environmental Assessment) og mati á umhverfisáhrifum framkvæmda (Environmental Impact Assessment), auk þess sem fræðilegur grunnur umhverfismats og verklag við framkvæmd þess verður kynnt og rætt.

Norræna umhverfismatsráðstefnan, sem nú er haldin í 5. sinn, hefur fest sig í sessi sem vettvangur sérfræðinga, yfirvalda og rannsóknarfólks á Norðurlöndunum til þess að miðla reynslu sinni og skiptast á skoðunum um umhverfismat í tengslum við stefnumörkun og áætlanagerð og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Á ráðstefnuninni, sem er tveggja daga, verða annars vegar fyrirlestrar fyrir alla ráðstefnugesti og hinsvegar málstofur þar sem fjallað verður um tiltekin efni, t.d. tilskipun Evrópusambandsins um umhverfismat áætlana sem mun taka gildi hér á landi á næsta ári, mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, umhverfismat skipulagsáætlana, umhverfismat áætlana um landnotkun á landsvísu ("geiraáætlana"), skipulagsgerð sem miðar að sjálfbærri þróun og þátttöku almennings.